

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Mýrdalshrepps, nr. 273/2002.

1. gr.

2. másl. 2. mgr. 44. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með hæfilegum fyrirvara, en þó ekki skemmri en eins sólarhrings fyrirvara.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 51. gr. samþykktarinnar:

a) 1. tölul. verður svohljóðandi:

Almannavarnanefnd Vestur-Skaftafellssýslu. Oddviti og sveitarstjóri sitja í almannavarnanefnd ásamt fulltrúum Skaftárhrepps og sýslumanni.

b) Í stað orðsins „Fræðslunefnd“ í 2. tölul. kemur: Skólanefnd.

c) Í stað orðsins „þrjá“ í 5. tölul. kemur: fimm.

d) Í stað orðsins „Náttúruverndarnefnd“ í 6. tölul. kemur: Umhverfis- og náttúruverndarnefnd. Í stað orðsins „þrjú“ í sama tölul. kemur: fimm.

e) Í stað „nr. 174/1992“ í 1. másl. 7. tölul. kemur: nr. 360/2006.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 51. gr. samþykktarinnar:

a) 2. tölul. verður svohljóðandi:

Barnaverndarnefnd Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu: Sveitarstjórn Mýrdalshrepps kýs einn fulltrúa og einn til vara samkvæmt samkomulagi sveitarfélaga í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu þar um og í samræmi við lög, nr. 80/2002.

b) 3. tölul. fellur brott og númer síðari töluliðar breytist til samræmis við þessa breytingu.

c) 3. tölul. verður svohljóðandi:

Þjónustuhópur aldraðra. Sveitarstjórn skipar fimm fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra að loknum sveitarstjórnarkosningum. Yfirlæknir heilsugæslu tilnefnir lækni með sérmenntun á sviði öldrunarlækninga eða heimilislækninga og hjúkrunarforstjóri heilsugæslu tilnefnir hjúkrunarfræðing með þekkingu á öldrunarþjónustu. Sveitarstjórn skipar án tilnefningar tvo fulltrúa sem hafa þekkingu á þjónustu við aldraða. Skal annar þeirra vera félagsráðgjafi eða hafa hliðstæða menntun. Samtök eldri borgara á svæðinu tilnefna einn fulltrúa úr sínum röðum og sinnir hann öðrum verkefnum þjónustuhóps aldraðra en þeim sem kveðið er á um í 4. tölul. 8. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999.

4. gr.

1. tölul. D-liðar 51. gr. samþykktarinnar fellur brott.

5. gr.

Í stað „janúarmánaðar“ í 1. másl. 1. mgr. 60. gr. samþykktarinnar kemur: desembermánaðar.

6. gr.

Í stað „eins mánaðar“ í 3. másl. 1. mgr. 60. gr. samþykktarinnar kemur: tveggja mánaða.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 23. ágúst 2006.

F. h. r.

Guðjón Bragason.

Stefanía Traustadóttir.

—————
B-deild – Útgáfud.: 8. september 2006